



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 30. september 2020 kl. 16:30.

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Brekkugerði.

Þórhallur Jóhannsson og Skarphéðinn Smári Þórhallsson leggja fram uppdrætti af lóðum í landi Brekkugerðis. Lóð Þórhalls er 1,43 ha að stærð, að svo stöddu er ekki óskað eftir skráningu á lóðinni í Þjóðskrá. Lóð Skarphéðins Smára 903,5 m² meðfylgjandi er útfyllt eyðublað F-550 f. skráningu í Þjóðskrá. Byggingarfulltrúa falið að koma lóð Smára í skráningu í Þjóðskrá.

2. Glúmsstaðasel.

Ásgeir Jónasson sækir um skráningu á 1 ha lóð umhverfis íbúðarhúsið í Glúmsstaðasel. Byggingarfulltrúa falið að koma lóðinni í skráningu í Þjóðskrá.

3. Hleðslustöð við Végarð.

Lagður fram uppdráttur af staðsetningu hleðslustöðvar fyrir rafbíla við Végarð. Nefndin gerir ekki athugasemdir við staðsetninguna og samþykkir hana fyrir sitt leyti.

4. Sumarhús og lóð Svavars og Kolbrúnar í Víðivallagerði.

Lagðir fram uppdrættir af lóð og sumarhúsi Svavars og Kolbrúnar í landi Víðivallagerðis ásamt lóðarleigusamningi. Stærð lóðarinnar er 2454 m². Sumarhúsið er sænskt bjálkahús, stærð 26,2 m² með 8,0 m² verönd. Byggingarfulltrúa falið að koma sumarhúsinu í skráningu í Þjóðskrá.

5. Kyndistöð við Végarð.

Kynntur uppdráttur af staðsetningu kyndistöðvar sem á að þjóna skrifstofu- og samkomubygginunni í Végarði. Aðkoma að kyndistöðinni er sýnd eftir heimreið að gistiheimilinu. Jafnframt var kynnt bréf frá leigutaka gistiheimilisins til sveitarstjóra, þar sem hann gerir athugasemdir við staðsetningu kyndistöðvarinnar og aðkomu að henni. Byggingar- og skipulagsnefnd lítur svo á að málið sé enn í samráðsferli milli fyrrgreindra aðila. Nefndin telur fyrir sitt leyti eðlilegt að staðsetja kyndistöðina sunnan við trjábeltið en ekki norðan þess eins og uppdrátturinn sýnir og að aðkoma að henni verði um heimreiðina að Végarði.

6. Önnur mál.

Rætt um árlega haustferð byggingar- og skipulagsnefndar. Heppilegt að ferðin dragist ekki framyfir miðjan október. Ástand íbúðarhússins á Arnaldsstöðum kom til umræðu. Talið að fokhætta geti stafað af því og ekki eftir neinu að bíða með niðurrif. Byggingarfulltrúa falið að koma erindinu á framfæri við umsjónarmann eignarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:00.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson. Sign: Eiríkur J. Kjerúlf,
Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson